

VSÓ Ráðgjöf  
Auður Magnúsdóttir,  
umhverfisstjórnunarfræðingur  
Borgartúni 20  
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. febrúar 2014  
Tilvísun: UST20140200083/bs


### **Vestfjarðavegur - áætlun Skógræktar ríkisins og Vegagerðarinnar. Mótvægisáðgerð vegna framkvæmda við Vestfjarðaveg. Umsögn**


Vísað er til bréfs VSÓ Ráðgjafar dags. 10. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um áætlun Skógræktar ríkisins og Vegagerðarinnar um skógrækt í Þorskafirði.

Hér er um að ræða mótvægisáðgerð vegna framkvæmda á Vestfjarðavegi í Kjálkafirði og Kerlingarfirði, þar sem 5,6 ha af náttúrulegum birkiskógi verða ruddir vegna breyttrar legu vegarins.

Skógur verður endurheimur í landi Skóga í Þorskafirði. Svæðið sem um ræðir er fyrir miðjum Þorskafirði, austanverðum og nær frá 50 - 100 m yfir sjávarmáli. Gróðurþekja á svæðinu er mismikil og ríkjandi gróðurfar lyngmóar. Alls er ráðgert að gróðursetja í um 6 ha og jafnframt er ráðgert að búa í haginn fyrir landnám birkis á 5 ha til viðbótar. Aðallega verður gróðursett birki, en einnig trjátegundir sem einkenna birkiskóg, reyni, gul - og loðvíði. Umhverfisstofnun telur að umrædd áætlun uppfylli kröfur um endurheimt birkiskógar vegna lagningar Vestfjarðavegar í Kjálkafirði og Kerlingarfirði.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur